

# Persónuverndarstefna Lífeyrissjóðs bænda

## 1. Um persónuverndarstefnuna.

Starfsemi lífeyrissjóða felst í að veita viðtöku, varðveita og ávaxta iðgjald frá sjóðfélögum, til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts. Í þessu felst meðal annars nauðsynleg vinnsla persónuupplýsinga og því á ábyrgð hvers lífeyrissjóðs að vinnslan sé í samræmi við lög og reglur.

Í persónuverndarstefnu þessari er mælt fyrir um þau markmið Lífeyrissjóðs bænda að vinnslu persónuupplýsinga sé hagað í samræmi grundvallarsjónarmið og reglur um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Lífeyrissjóður bænda tekur réttindi sjóðfélaga alvarlega er varðar persónuupplýsingar þeirra og leggur sérstaka áherslu á að þær séu unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti.

Persónuverndarstefna Lífeyrissjóðs bænda byggir á ákvæðum laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, og ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/679, frá 27. apríl 2016, um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Til samræmis við þetta eru í persónuverndarstefnunni útskýringar á því hvaða persónuupplýsingum sjóðurinn safnar og ástæðurnar sem búa þar að baki, hve lengi megi ætla að upplýsingarnar verði geymdar, hvert upplýsingunum kunni að verða miðlað og með hvaða hætti sé gætt að öryggi þeirra.

Sjóðurinn leggur áherslu á að hafa persónuverndarstefnu sína gagnorða, skýra og í einföldu máli.

## 2. Upplýsingar um ábyrgðaraðila.

Í lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga telst sá lögaðili ábyrgðaraðili, sem tekur ákvarðanir um tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga. Í daglegum rekstri lífeyrissjóða koma til margvíslegar ástæður fyrir slíkri vinnslu.

Lífeyrissjóður bænda, Stórhöfða 23, 110 Reykjavík, kt. 670172-0589, telst ábyrgðaraðili í þessum skilningi fyrir þeirri vinnslu sem fram fer vegna starfsemi hans. Lífeyrissjóður bænda hefur starfsleyfi sem lífeyrissjóður skv. lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og sætir meðal annars eftirliti Fjármálaeftirlitsins, í samræmi við lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (sjá heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, [www.fme.is](http://www.fme.is)). Lífeyrissjóður bænda er skráður í fyrirtækjaskrá, firmaskrá og skrá Fjármálaeftirlitsins yfir lífeyrissjóði.

Frekari upplýsingar um starfsemi Lífeyrissjóðs bænda má finna á vefsíðu sjóðsins: [www.LSB.IS](http://www.LSB.IS).

## 3. Tegundir persónuupplýsinga.

Þær tegundir persónuupplýsinga sem Lífeyrissjóður bænda vinnur einkum með eru fjármála- og öryggisupplýsingar, almennar lýðupplýsingar og heilsufarsupplýsingar. Vinnsla persónuupplýsinga getur verið nauðsynleg á grundvelli samnings við sjóðfélaga, ákvæði laga, eða vegna lögmætra hagsmuna sjóðsins. Dæmi um vinnslur samkvæmt samningi getur verið vegna skráningar sjóðfélaga í sjóðinn eða skráningar á útgreiðslu inneignar sjóðfélaga. Á sjóðnum hvílir



einnig lagaskylda til þess að eiga tilgreind persónugreinanleg gögn, s.s. vegna ákvæða laga um aðgerðir gegn peningabætti, ákvæða bókhaldslaga og vegna upplýsingagjafar til eftirlitsaðila eða annarra opinberra aðila. Lífeyrissjóður bænda leggur mikla áherslu á að persónuupplýsingar séu fullnægjandi, viðeigandi og takmarkist við það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar hverju sinni.

#### 4. Tilgangur og heimild fyrir vinnslu persónuupplýsinga.

Megintilgangur með vinnslu á persónuupplýsingum er að veita sjóðfélögum þá þjónustu sem óskað er eftir eða sjóðurinn býður upp á, til dæmis vegna framkvæmdar samnings eða til þess að uppfylla lagareglur sem gilda um þjónustuna eða vinnsluna. Heimild til vinnslu persónuupplýsinga getur meðal annars verið vegna framkvæmdar samnings, lagaskyldna sem hvíla á sjóðnum, t.d. samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og vegna lögmætra hagsmuna sjóðsins, einkum við að gæta öryggis upplýsingakerfa sinna og þeirra gagna sem þar er unnið með. Ef upplýsinga er aflað frá öðrum en sjóðfélögum sjálfum er það gert samkvæmt umboði hans og upplýst hvaðan upplýsingarnar koma.

Ef Lífeyrissjóður bænda hyggst vinna persónuupplýsingarnar frekar í öðrum tilgangi en þeim sem lá að baki söfnun þeirra, og þess sem fram kemur hér að framan, verður viðkomandi aðili upplýstur um þennan nýja tilgang áður en sú vinnsla hefst, eftir því sem við á.

#### 5. Hversu lengi geymir lífeyrissjóðurinn gögnin?

Gögn eru geymd eins lengi og nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslu og skilmála samninga, nema þegar lög og reglur kveða á um lengri geymslutíma.

#### 6. Hvert er persónuupplýsingum miðlað?

Lífeyrissjóður bænda mun ekki afhenda persónuupplýsingar nema sjóðnum sé skylt samkvæmt lögum að afhenda persónuupplýsingar t.a.m. til eftirlitsstofnana, löggæslufirvalda eða annarra aðila sem hafa heimild að lögum til að móttaka umræddar upplýsingar. Þá getur sjóðnum verið skylt að afhenda persónuupplýsingar ef dómari úrskurðar að skylt sé að veita slíkar upplýsingar fyrir dómi eða hjá lögreglu. Sjóðfélagi getur þó heimilað sjóðnum afhendingu persónuupplýsinga um hann. Upplýsingar eru eftir atvikum sendar til vinnsluaðila sem á grundvelli sérstaks vinnslusamnings vinnur persónuupplýsingar á vegum sjóðsins eða sinnir tengdum verkefnum fyrir hönd hans. Þeir sem veita viðtöku upplýsingum um viðskipta- og/eða einkamálefni sjóðfélaga sjóðsins eru bundnir þagnarskyldu með sama hætti og gildir um Lífeyrissjóð bænda.

#### 7. Hvernig er öryggi persónuupplýsinga tryggt?

Rík skylda hvílir á Lífeyrissjóði bænda að gæta að öryggi þeirra persónuupplýsinga sem sjóðurinn vinnur með. Þeirri skyldu gegnir sjóðurinn meðal annars með því að meta áhættu sem steðjar að viðkomandi vinnslu, til dæmis hættu á að óviðkomandi fái aðgang að upplýsingunum eða þær skemmist eða verði eytt og að beita ráðstöfunum til að stemma stigu við slíkri hættu. Þær öryggisráðstafanir lúta einkum að aðgangsstýringu, raunlægu öryggi, mannauðsöryggi,



rekstraröryggi og samskiptaöryggi. Þá er viðhaft innra eftirlit með ofangreindu og áhættumat og viðbrögð endurskoðuð reglulega.

#### 8. Réttindi sjóðfélaga.

Sjóðfélagi á rétt á að fara fram á að fá aðgang að persónuupplýsingum sínum og við ákveðnar aðstæður að láta leiðrétta þær, eyða þeim eða takmarka vinnslu þeirra. Einnig á hann rétt á að andmæla vinnslu og fara fram á að gögn hans séu flutt. Þá hefur sjóðfélagi rétt á að leggja fram kvörtun til Persónuverndar.

#### 9. Hvernig er hægt að hafa samband við Lífeyrissjóð bænda?

Hægt er að hafa samband við Lífeyrissjóð bænda með ýmsum leiðum svo sem á netfanginu LSB@LSB.is eða í síma 563 1300. Einnig er hægt að hafa samband við persónuverndarfulltrúa sjóðsins með því að senda tölvupóst á netfangið personuvernd@LSB.IS.

Hlutverk persónuverndarfulltrúans er að fylgjast með að farið sé eftir ákvæðum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og ákvæðum almennu persónuverndarreglugerðar ESB nr. 2016/679. Sjá einnig nánar upplýsingar í kafla 2 hér að framan um ábyrgðaraðila.

#### 10. Hvernig er persónuverndarstefnan uppfærð og breytt?

Lífeyrissjóðnum er heimilt að breyta þessari persónuverndarstefnu og bæta við hana hvenær sem er og taka slíkar breytingar gildi án fyrirvara. Slíkar breytingar kunna t.d. að vera gerðar til að samræma persónuverndarstefnuna við gildandi lög og reglur er varða persónuvernd hverju sinni. Allar breytingar á stefnunni verða birtar á vefsíðu sjóðsins: [www.LSB.IS](http://www.LSB.IS).

15. febrúar 2019

LÍFEYRISSJÓÐUR BÆNDA



---

Skúli Bjarnason



---

Guðrún Lárusdóttir

---

Sara Lind Guðbergsdóttir



---

Vigdís Sveinbjörnsdóttir



---

Örn Bergsson